


## Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Tóbó

- 
- Bréf frá umsækjendum
  - Forsamþykki
  - Fæðingarvottorð
  - Staðfest ljósrit af vegabréfi
  - Sakavottorð
  - Hjúskaparvottorð
  - Sálfræðimat
  - Umsögn félagsráðgjafa
  - Læknisvottorð
  - Atvinnuvottorð
  - Afrit af launaseðlum
  - Ljósmyndir
  - Meðmælabréf
  - Staðfesting á undirbúningsnámskeiði „Er ættleiðing fyrir mig“

**Bréf frá umsækjendum:** Þetta er bréf frá ykkur þar sem þið segið frá ástæðum þess að þið viljið ættleiða og frá ykkur sjálfum og ykkar lífi. Einnig þarf að koma fram óskir um aldur barns. Undirrita þarf bréfið. Stíla skal bréfið á forseta undirréttar í Lomé eða **Président du tribunal de Première Instance, Première Classe de Lomé**.

**Forsamþykki:** Kemur frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

**Fæðingarvottorð:** Útgefið af Þjóðskrá.

**Staðfest ljósrit af vegabréfi:** Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar ljósritin til staðfestingar.

**Sakavottorð:** Sækja má um sakavottorð í afgreiðslum allra sýslumanna. Framvísa þarf persónuskilríkjum og fullgildu umboði frá umsækjanda ef sótt er um fyrir annan.

**Hjúskaparvottorð:** Útgefið af Þjóðskrá.

**Umsögn félagsráðgjafa:** Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis.

**Sálfræðimat:** Óla Björk Eggerts dóttir, sálfræðingur sími: 896-0863

**Læknisvottorð:** Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjendur. Í vottorðinu þarf að koma fram að þið séuð heilbrigð líkamlega og andlega og að ófrjósemi sé ástæða þess að þið viljið ættleiða.

**Atvinnuvottorð:** Vinnuveitandi gerir þetta vottorð.

**Afrit af launaseðlum:** Afrit af síðustu þremur launaseðlum.

**Ljósmyndir:** Myndir af ykkur og heimilinu. Tvær myndir af heimilsfólki, tvær af húsinu að utan, fjórar af heimilinu og heimilisfólkini í daglegum störfum. Ef barn er á heimilinu þá þarf að senda mynd af barnaherbergini.

**Meðmælabréf:** Bréfin þurfa að vera þrjú og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekkja ykkur vel.

**Staðfesting á að umsækjendur hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu:** ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjendur hafa lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Þegar umsækjendur hafa safnað öllum skjölum fer skrifstofa ÍÆ yfir þau. ÍÆ gefur sér 5 daga til að fara yfir umsóknina. Þá láta umsækjendur löggiltan þýðanda umsóknina yfir á frönsku.

Þegar umsóknin hefur verið þýdd er komið með umsóknina á skrifstofu ÍÆ. ÍÆ útbýr fylgiblað og staðfestir umsóknina með undirskrift. Því næst fara umsækjendur með umsóknina og fylgiblaðið og láta notarius publicus stimpla hana hjá sýslumannsembættinu. Mikilvægt er að báðir aðilar fari með umsóknina til sýslumannsembættisins þar sem verið er að staðfesta undirskrift beggja aðila.

Þegar því líkur er komið með umsókn á skrifstofu ÍÆ sem sér um að láta staðfesta umsóknina hjá utanrikisráðuneytinu, en það tekur yfirleitt um 1-2 daga.

Þá er umsóknin send til dómsmálaráðuneytisins sem sendir svo umsóknina ásamt fylgibréfi til Tóbó.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, með undirritun og stimplun og mega ekki vera eldri en **þriggja** mánaða. Barnaverndarskýrsla og sálfræðiskýrsla má vera **ársgomul**.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjendur og lætur vita.